



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar

1. Fundur, 6. júní 2007

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt fyrsta fund sinn miðvikudaginn 6. júní 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Formaður bæjarráðs Héðinn Sigurðsson setti fundinn og lagði til að hann sjálfur stjórnaði fundi. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun. Ákveðið var að Einar Kolbeinsson, verkefnisstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1) Skipunarbréf
- 2) Settir niður fundartímar 2007-8
- 3) Skoðunar og fundarferðir
- 4) Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Skipunarbréf

Skipunarbréf er ekki tilbúið en reiknað er með að það verði lagt fyrir bæjarstjórn á næsta fundi hennar.

2. Settir niður fundartímar 2007- 2008

Ákveðið var að hafa fundartíma sveigjanlegan og viðhafa samskonar verklag við boðun og gert er í fastanefndum sveitarfélagsins. Rætt var um að setja tímaramma kringum verkefnið en ákveðið að láta það bíða til næsta fundar.

3. Skoðunar og fundarferðir

Miklar umræður urðu um hugsanlega skoðunarferð hópsins og hvert væri heppilegast að fara. Ákveðið var að leita til tiltekinnna sérfræðinga á sviði sundmála.

4. Önnur mál

Miklar umræður urðu um fjölmörg atriði varðandi sundlaugarbygginguna. Ákveðið var að fela Einari Kolbeinssyni að kanna með fundartíma fyrir næsta fund og boða hann.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:48

Héðinn Sigurðsson
Ágúst Þór Bragason
Guðmundur Haraldsson

Einar Kolbeinsson